

**Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík**

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 11. júlí 2019

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012

Vísað er til athugasemda og tillagna Samtaka atvinnulífsins (SA) frá 22. maí 2019 sem sendar voru stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þegar nefndin fjallaði um frumvarp til breytinga á upplýsingalögum, nr. 140/2012, 780. mál. Tillögur SA lutu að því að bæta réttarstöðu einkaaðila í málsmeðferð upplýsingabeidna og er það mat forsætisráðuneytisins að þær falli ekki undir fyrrnefnt þingmál heldur gefi tilefni til annarra breytinga á upplýsingalögum.

Með áformaðri lagasetningu stendur til að bæta réttarstöðu þriðja aðila, þess er upplýsingarnar varða, og gera hana skýrari. Eftirfarandi breytingar verða gerðar á upplýsingalögum.

- Nýju ákvæði verður bætt við 17. gr. laganna þar sem kveðið verður á um skyldu stjórnvalda til þess að leita afstöðu þriðja aðila til afhendingar upplýsinga sem varða hann sjálfan áður en ákvörðun er tekin um afhendingu gagna nema það sé bersýnilega óþarft.
- Ákvæði 1. mgr. 23. gr. upplýsingalaga verður breytt þannig að úrskurðarnefnd um upplýsingamál sé gert skylt að birta úrskurð þeim aðila sem upplýsingar um einkahagsmuni varða ef fallist er á rétt kæranda til aðgangs að upplýsingunum.
- Aukið verður við ákvæði 24. gr. laganna þar sem þriðja aðila verður veittur réttur til þess að krefjast þess að réttaráhrifum úrskurðar úrskurðarnefndar um upplýsingamál verði frestað í því skyni að bera ágreining um gildi úrskurðarins undir dómstóla.

SA fagna fyrirhuguðum breytingum. Hins vegar er aðeins tekið tillit til hluta af þeim athugasemdum sem senda voru stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þann 22. maí sl. Rétt er að áréttta þau atriði sem eftir standa og SA leggur áherslu á að jafnframt verði breytt þegar frumvarpið verður lagt fram.

1. Mat á því hvort afhenda eigi upplýsingar

a. Ákvæði 15. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012

Samkvæmt 2. tölul. 4. mgr. 15. gr. upplýsingalaga má í undantekningartilvikum hafna beiðni um upplýsingar ef sterkar vísbendingar eru um að beiðni sé sett fram í ólögætum tilgangi. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga er lítið fjallað um hvaða tilvik umræddur töluliður eigi að ná til, sbr. eftirfarandi: „*Til að síðari heimildinni verði beitt verða almennt að liggja fyrir haldþættar upplýsingar um að sá sem óskar aðgangs að upplýsingum leggi fram beiðni gagnert til þess að hafa framangreind áhrif á starfsemi þeirra aðila sem löggin taka til eða muni nota þær með ólögætum hætti.*“

Lítið sem ekkert virðist hafa reynt á þessa undanþágu í framkvæmd og því erfitt að vita hvenær og hvernig byggja eigi á henni. Nauðsynlegt er að skýra eða útfæra þessa undanþágu nánar svo að ákvæðið nái örugglega til þeirra tilvika sem því er ætlað að taka til. Í því sambengi er bent á að þegar ekki þarf að tilgreina tilgang upplýsingabeidni, líkt og nú gildir, verður beiting ákvæðisins ávallt erfið. Því væri rétt að gera skylt að tilgangur sé tilgreindur í upplýsingabeidni. Þá væri kominn grundvöllur til að meta hvort upplýsingarnar muni verða notaðar með ólögætum hætti.

Lagt er til að eftirfarandi málslið verði bætt við 1. mgr. 15. gr. upplýsingalaga: „***Þá skal í upplýsingabeidni tiltaka tilgang beiðninnar.***“

b. Tími sem stjórnvald hefur til að afgreiða beiðni

Í 2. másl. 1. mgr. 17. gr. upplýsingalaga er getið um sjö daga frest til að svara upplýsingabeidni. Þetta er afar stuttur tími sem virðist í framkvæmd sjaldnast standast. Betra væri að kveða á um raunhæfan tímafrest í lögum, svo sem 14 daga. Lengri frestur væri einnig til þess fallinn að skapa svigrúm til þess að rannsaka mál með fullnægjandi hætti þegar um flóknari mál er að ræða. Þó að slíkt svigrúm sé til staðar gildir enn sú regla að beiðni skuli afgreidd eins fljótt og verða má.

Lagt er til að í stað „sjö“ í 2. másl. 1. mgr. 17. gr. komi „14.“

c. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er heimilt að bera synjun á beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt lögnum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn.

Þar sem synjun á beiðni er eingöngu kæránleg er ljóst að ef einkaaðili er ósammála mati stjórnvalds um að afhenda eigi upplýsingar standa honum engin úrræði til boða til að fá þá ákvörðun endurskoðaða. Þessi staða getur komið upp án þess að málið hafi verið borið undir einkaaðilann. Því er lagt til að kærueimild verði víkkuð út þannig að einkaaðili sem upplýsingar varða geti einnig kært til úrskurðarnefndar um upplýsingamál niðurstöðu stjórnvalds um að afhenda eigi gögn sem varða viðkomandi einkaaðila. Ljóst má vera að einkaaðili hefur hagsmuni af niðurstöðu um afhendingu gagna og geta þeir í einhverjum tilvikum verið verulegir.

Þá þarf að tryggja að einkaaðila sé tilkynnt um ákvörðun um að afhenda upplýsingar er varða einkahagsmuni hans svo að hann eigi kost á að nýta sér kærurétt sinn.

Eftirfarandi breytingar er lagðar til á ákvæðum 19. gr., 20. gr. og 22. gr. upplýsingalaga:

- **Bætt verði eftirfarandi málsgrein við 19. gr. upplýsingalaga:** „*Tilkynna skal þeim aðila er upplýsingar varða skriflega um ákvörðun um aðgang að gögnum um einkahagsmuni hans.*“
- **Bætt verði eftirfarandi málslið við 1. mgr. 20. gr. upplýsingalaga:** „*Heimilt er þeim aðila er upplýsingar varða að bera ákvörðun um aðgang að gögnum um einkahagsmuni hans samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn.*“
- **Bætt verði eftirfarandi málslið við 1. mgr. 22. gr. upplýsingalaga:** „*Sami frestur á við þegar ákvörðun kveður á um veitingu aðgangs að upplýsingum um einkahagsmuni frá því að þeim aðila er upplýsingarnar varða var tilkynnt um ákvörðunina.*“

Í ljósi þeirra réttinda sem hið áformaða frumvarp mun veita einkaaðila er óskiljanlegt að ekki skuli kveðið á um það að tilkynna beri einkaaðila um ákvörðun stjórnvalds um afhendingu né kærurétt einkaaðila. Það má færa rök fyrir því að með því að sleppa því sé grafið undan þeim rétti sem þó er verið að vernda.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir